



**311. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams mánudaginn 30. ágúst 2021 kl. 15:30.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Ingi Þór Ágústsson og Viðar Garðarsson.**

**Dagskrá:**

### **1. Málefni KSÍ**

Forseti fór yfir atburðarrás helgarinnar og afsögn Guðna Bergssonar formanns Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) í kjölfar ásakana um þöggun og meðvirkni KSÍ í málum er varða knattspyrnuhreyfinguna.

Mikið hefur verið fjallað um málið í fjölmiðlum og í gær sendi stjórn KSÍ frá sér yfirlýsingu þar sem meðal annars kemur fram að vinna sé hafin með fagaðilum um að endurskoða öll viðbrögð við kynferðisbrotum og ofbeldi innan hreyfingarinnar og hvernig staðið var og verður að stuðningi við þolendur.

Forseti vísaði til ákvörðunar framkvæmdastjórnar ÍSÍ á stjórnarfundum í síðustu viku þar sem samþykkt var að skipa vinnuhóp til að skoða ferla og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásakanir um brot. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir mun leiða þann hóp og hún mun einnig leiða starf faghóps KSÍ. Ljóst er að verkefni þessara beggja starfshópa skarast að einhverju leyti.

Forseti upplýsti að hann sé í samskiptum við KSÍ og fyrirhugað sé að funda bæði með KSÍ og fulltrúum Íslensks toppfótbolta umstöðuna.

Beðið verður með yfirlýsingu frá ÍSÍ um málið fyrr en að þeim fundum loknum.

Gera má ráð fyrir því að kallað verði aftur til fundar framkvæmdastjórnar á Teams á morgun til að upplýsa um stöðu mála.

Fleira var ekki gert.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.